Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Hildur Björnsdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 30. september 2026
1510002 ÁÓ

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2027

Á 148. fundi Svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem fram fór 11. september síðastliðinn, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

> *Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2027.*
>
> **Niðurstaða fundar**:
> *Svæðisskipulagsstjóri kynnti tillöguna.*
> *Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2027.*

Afgreiðsla sveitarfélaga:
Meðfylgjandi eru tillögur að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2027 og starfsáætlun nefndarinnar haustið 2026 og vorið 2027.

Er farið fram á að þessar tillögur verði teknar til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi sveitarfélagsins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síðar en 20. október nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Fylgigögn:
Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2027.
Tillaga að starfsáætlun nefndarinnar ágúst 2026 til júní 2027.

Virðingarfyllst,

Ásdís Ólafsdóttir

Ásdís Ólafsdóttir
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2027

	Áætlun 2027
Svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	32,059,313
Skrifstofa SSH	5,000,000
Verkefnakostnaður	5,000,000
Samtals	**42,059,313**

Mannfjöldi sveitarfélaga 1. ágúst 2026			
Reykjavík	147,308	55.9%	23,491,417
Kópavogur	41,484	15.7%	6,615,513
Seltjarnarnes	4,800	1.8%	765,463
Garðabær	21,467	8.1%	3,423,373
Hafnarfjörður	34,096	12.9%	5,437,338
Mosfellsbær	14,265	5.4%	2,274,860
Kjósarhreppur	322	0.1%	51,350
Samtals	263,742	100.0%	**42,059,313**

Svæðisskipulagsnefnd	10,861,498
Svæðisskipulagsstjóri	21,197,815
Samtals svæðisskipulagsnefnd og svæðisskipulagsstjóri	**32,059,313**

	Raun. M01-07 Áætlað M08-12 2026	Samþykkt fjárhagsáætlun 2026	Áætlun 2027
Tekjur			
Framlög aðildarsveitarfélaga	39,638,744	39,638,744	42,059,313
Samtals	39,638,744	39,638,744	42,059,313
Laun og rekstur			
Launakostnaður svæðisskipulagsstjóra og nefndar	(27,874,033)	(29,638,744)	(32,059,313)
Leiga og skrifstofukostnaður SSH	(5,000,000)	(5,000,000)	(5,000,000)
Samtals	(32,874,033)	(34,638,744)	(37,059,313)
Verkefnakostnaður svæðisskipulagsnefndar			
Verkefnak. vegna framfylgdar svæðisskipulags	(3,000,000)		
Undirbúningur v. ákvörðunar um gildi svæðisskipulags	(2,300,000)		
Uppfærsla samgöngulíkans höfuðborgarsvæðisins	(2,300,000)		
Rauntala janúar - júlí	(342,127)		
Verkefnakostnaður		(8,000,000)	(10,000,000)
Samtals verkefnakostnaður	(7,942,127)	(8,000,000)	(10,000,000)
Rekstrarniðurstaða	(1,177,416)	(3,000,000)	(5,000,000)
Áætluð staða í sjóði í byrjun árs	9,809,314	6,425,544	7,006,925
Reikningar fyrra árs greiddir í janúar	(2,832,410)		
Endurgr. VSK nóv.-des.	1,207,437		
Rekstur ársins	(1,177,416)	(3,000,000)	(5,000,000)
Áætluð staða í sjóði í lok árs	7,006,925	3,425,544	2,006,925

11/9/2026
Uppfærð dagskrá – samþykkt á 148. fundi
ÁÓ

Tillaga að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar haustið 2026 og vorið 2027

Fundur nr.	Dagsetning	Nánar
147	14. ágúst	Hefðbundinn fundur
148	11. september	Hefðbundinn fundur
149	16. október	Hefðbundinn fundur
150	6. nóvember	Lengri fundartími – kynningar og samtöl um skipulagsmál
151	11. desember	Hefðbundinn fundur
152	15. janúar	Hefðbundinn fundur
153	12. febrúar	Hefðbundinn fundur
154	12. mars	Möguleg heimsókn til sveitarfélags
155	16. apríl	Hefðbundinn fundur
156	14. maí	Hefðbundinn fundur
157	11. júní	Hefðbundinn fundur, síðasti fundur fyrir sumarfrí

Fundir eru að jafnaði haldnir á **föstudögum kl. 13:30 – 15:30**, nema annað sé tekið fram í fundarboði.

Fundarstaður er að jafnaði í **Hamraborg 9, 200 Kópavogi**, nema annað sé tekið fram í fundarboði.

Viðtakandi: Borgaráð
Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík, 21. október 2026
MSS26100011

UMSÖGN

Tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2027

Vísað er til bréfs svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, dags. 30. september 2025, þar sem lögð er fram tillaga að starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2027.

Lagt er til að á árinu 2027 verði gert ráð fyrir að áætluð heildarútgjöld verði rúmlega 42 m.kr., þar af tíu milljónir króna í verkefnakostnað og fimm milljónir króna í rekstur skrifstofu SSH. Þá er lagt til að laun fulltrúa svæðisskipulagsnefndar miði við 3% af þingfarakaupi auk launatengdra gjalda, líkt og liðin ár. Launakostnaður svæðisskipulagsnefndar og svæðisskipulagsstjóra er áætlaður rúmlega 32 m.kr. Gert er ráð fyrir að nefndin fundi tíu sinnum á ári.

Sá kostnaður sem áætlað er að falli á Reykjavíkurborg vegna verkefna svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins miðast við hlutfallsskiptingu íbúafjölda þann 1. ágúst 2026 og er 55,9% eða sem nemur tæplega 23,5 m.kr. fyrir árið 2027. Hækkun milli ára nemur rúmlega 1,5 m.kr. og er gjaldfært á umhverfis- og skipulagssviði. Ekki var gert ráð fyrir þessari hækkun í fjárhagsáætlun og þarf því að gera viðauka til að mæta því sem út af stendur eða um 1,5 m.kr. Hækkunin nemur um 6,82%.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Reykjavík